

Eigendafundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands
haldinn 18. október 2021, kl 15.00. Fjarfundur á Teams.

Fundinn sátu:

Frá Heilbrigðisnefnd: Karitas Jónsdóttir Akranes, Auður Kjartansdóttir Snæfellsbæ, Silja Steingrímsdóttir Borgarbyggð, Brynja Þorbjörnsdóttir, Hvalfjarðarsveit.

Fh. eigenda: Árni Hjörleifsson Skorradalshreppi, Björg Ágústsóttir Grundarfirði, Jakob Björgvin Jakobsson Stykkishólmi, Kristinn Jónasson Snæfellsbæ, Linda Björk Pálsdóttir Hvalfjarðarsveit, Sævar Freyr Þráinsson og Steinar Adolfsson Akranes, Skúli Guðbjörnsson Dalabyggð, Kristján Sturluson Dalabyggð, Þórdís Sigurðardóttir Borgarbyggð, Eggert Kjartansson, Eyja- og Miklaholtshreppi og Regína Hansen Guðbjörnsdóttir, Kjósarhreppi.

Þorsteinn Narfason ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. **Fjárhagsáætlun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2022**
Fjárhagsáætlunin var lögð fram og samþykkt.
2. **Ný gjaldskrá fyrir heilbrigðis-, mengunarvarna- og matvælaeftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Vesturlands fyrir árið 2022**
Gjaldskráin var lögð fram til kynningar.
3. **Sameining svæða**
Ný Reglugerð nr. 1110/2021 um sameiningu annars vegar heilbrigðiseftirlits Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar við Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði og hins vegar sameiningu heilbrigðiseftirlits Kjósarhrepps við Vesturlandssvæði birtist í B-deild Stjórnartíðinda var lögð fram. Samþykkt um Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur verið samþykkt af öllum hlutaðeigandi sveitarfélögum og hefur því tekið gildi.
Eigendafundur Heilbrigðiseftirlits Vesturlands lítur svo á að eftirlit í Kjósarhreppi færist með formlegum hætti til Heilbrigðiseftirlits Vesturlands þann 1. janúar 2022 og við birtingu ársreiknings fyrir árið 2021 verði fjármál gerð upp milli aðila.
4. **Önnur mál**
Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fundi slitið 16:39